

Vikufréttir

Vika 19(10.05.2021 – 14.05. 2021)

Mánudagur

- ✓ Vordagar
- ✓ Skólastjórafélag Vesturlands fundar á teams kl. 13:00
- ✓ Stigaleikur nemendafélagsins. Nemendafélagið mun standa fyrir skemmtilegu uppbroti. Unglingadeildinni verður skipt niður í nokkur lið og á hvert lið að framkvæma eins margar þrautir og þau geta á tilteknum tíma. Gjörningurinn er tekinn upp og í lok dags skilar hvert lið sínu myndbandi til dómara.

Þriðjudagur

- ✓ Vordagar
- ✓ Skólastjóra og aðstoðarskólastjóra er boðið inn í 1.bekk að hlusta á upplestur nemenda
- ✓ Grunnskólinn í Borgarnesi tekur þátt í [Skólahreysti](#).

Miðvikudagur

- ✓ Vordagar

Fimmtudagur

- ✓ **Uppstigningardagur**

Föstudagur

- ✓ **Starfsdagur**

Spakmæli:

„Allar hugsanir þínar forrita frumurnar í líkamanum þínum. Veldu þær vel“

Annað:

Skólahreysti fer fram í Íþróttahúsi Digraness í Kópavogi kl. 17:00. Keppnin verður í beinni útsendingu á Rúv og hvetjum við alla til að horfa. Liðsstjóri hjá okkur er Jóhannes Magnússon en keppendur eru Reynir Jóngeirsson 10. bekk, Ísak Atli Árnason 10. bekk, Díana Björg Guðmundsdóttir 9. bekk, Kolbrún Katla Halldórsdóttir 9. bekk, Varamenn eru Dagbjört Rós Jónasdóttir 9. Bekk og Jónas Snær Andersson 9. bekk

Vordagar

Dagana 10. – 12.maí nk. eru Vordagar. Þá daga brjótum við upp hefðbundna kennslu. Eitt af þeim verkefnum sem við ætlum að nýta þessa daga í er tiltektardagurinn okkar, Tökum til hendinni. Kennarar ráða hvaða dag af þessum þremur þeir nýta í tiltektardaginn og hvaða tíma dagsins þeir velja til verksins með sínum hópi.



Skipulagið er eftirfarandi:

1. & 2. bekkur - Kveldúlfsvöllur og Löggufjaran.
3. & 4. bekkur - Englendingavík, Vesturtangi og göngustígur niður á fótboltavöll.
5. bekkur - Við Íþróttahús, Skallagrímsháttur og skólalóð.
6. bekkur - Þorsteinsgata og Kjartansgata frá Íþróttahúsi - niður á Kjartansgötuvöll.
7. bekkur - Borgarbraut/Brákarbraut: Frá brúnni út í Eyju - Klettaborg.
8. bekkur - Göngustígur meðfram Kjartansgötu og Kveldúlfsgötu að Klettaborg.
9. & 10. bekkur - Við íþróttavöll og klettarnir og Bjössaróló.

Úgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.
Ábm.: Guðís Jónsdóttir